

## Skólaráðsfundur 21. febrúar 2023

Mætt voru: Kristján Ingi Arnarsson fulltrúi foreldra barna leikskólans, Stefanía Björg Jónsdóttir fulltrúi foreldra nemenda í grunnskólans, Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans, Jasmín Hall Valdimarsdóttir fulltrúi nemenda, Ólafur Oddur Jónsson fulltrúi nemenda og Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri. Forföll boðuðu: Katrín Lilja Ólafsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Kristján Elvar Meldar fulltrúi kennara. Fundur haldinn í fundarrými stjórnsýsluhúss kl. 14 til 16.30.

### 1. Fundartímar-Starfsáætlun

Rætt var um starfsáætlun skólaráðs og næstu fundartíma. Febrúar fundur hliðraðist til miðað við upphaflegu áætlunina. Tveir fundir eru eftir fram að sumri, 21. mars og 23. maí. Mögulega bætist við fundur, t.d. 12. apríl. Einnig þarf mögulega að breyta fundartímanum 21. mars vegna fyrirhugaðrar skíðaferðar.

### 2. Starfsreglur

Farið yfir starfsreglur skólaráðs og nýjum fulltrúum afhent gögn.

### 3. Drög að skóladagtali 2023-2024

Farið yfir fyrstu drög að skóladagatalið 2023-2024. Tillaga var gerð um að bæta við dagsetningu fyrir tónleika nemenda. Hér er átt við tónleika sem eru á vegum nemenda skólans en þó í samvinnu við tónlistarkennara líkt og þeir sem haldnir voru vorið 2022 (Bubba-tónleikar).

### 4. Skólastarfið

Farið var yfir nokkra þætti í skólastarfinu

- Umræða um nemendastýrð foreldrasamtölin. Sumir nemendur eru óöruggir og vantar meiri leiðbeiningar og æfingu.
- 7 venjur, ekki komið af stað meðal foreldra en verið að vinna í innleiðingu í skólanum.
- Árshátíð í undirbúningi, Ólöf Halla tónmenntakennari vinnur með öllum nemendum og umsjónarkennurum.
- Skólasóknareglur – athugasemd við að 30 dagar sé langur tími fyrir efstu mörk.
- Skólareglur – vinna byrjuð, kemur til umræðu hjá skólaráði.
  - Umræða um agamál, kemur inn í endurskoðun skólareglna. (umræða undir frímínútur)
  - Rætt um verklag annarsstaðar (foreldrar með nemendum).
- Innritun fósturbarna – nýjar reglur til að skýra umhverfi og ramma hafa tekið gildi.
- Skólabílasamningar framlengdir.

### 5. Skólapúlskönnun 2.-5. bekkjar – nóv 2022

Skólastjóri sendir niðurstöður í tölvupósti.

### 6. Ný heimasíða skoðuð

Skólastjóri búin að biðja forritara um ákveðnar breytingar. Þarf að laga sérstaklega viðmót í sínum og minni skjám.

## 7. Erindi frá fulltrúum nemenda

- Símamál og stefna. Vilja vinna áfram með það sem síðasta nemendaráð var að gera. Kanna hvað þau vilja gera. Mismunandi skoðanir um hvort þau vilji síma aftur eða ekki. Stefnia skýrir umræðu í skólaráði á sínum tíma þegar reglurnar voru settar af sveitarstjórn.
  - Nemendaráð hvatt til að koma með umsögn/álit sitt á núverandi reglum.
- Frímínútur. Uppákomur í frímínútum, m.a. vegna afþreyingaleysis.
  - Finnst ósanngjarnt að borðtennisborðið sé tekið úr umferð vegna atvika aðila sem eru jafnvel ekkert að nota það. Afleiðingar mættu beinast meira að gerendum.
  - Vantar annað skákborð. Poolborð. Skoða með borðspil. Aukið framboð afþreyingar.
- Mötuneyti. Þegar það er „sérmat“ (t.d. þorramatur) mætti vera annað með
  - Lítið borðað af saltfisk (sleppa eða hafa annað með)
  - Lítil stemning fyrir forsoðnum kartöflum. Umræða um aðra möguleika, t.d. að prófa að sleppa þeim í mánuð.
  - Kjúklingabollur o.fl. sló í gegn. Kjúklingur með salati o.fl. „góður“ matur klárast stundum
- Dagskrá félagsmiðstöðvar. Myndi kannski draga fleiri að ef það er skipulögð dagskrá.
  - Miðstig fær fleiri stundir í félagsmiðstöð (fara með elsta stigi á viðburði)
  - Geta foreldrar fengið upplýsingar um hvað er gert í félagsmiðstöðinni.
  - Nemendur óska eftir betri fundartíma með íþrótt- og tómsfundarfulltrúi.
  - Umræða um staðsetningu/aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvarráðsfundi.
  - Skólastjóri tekur umræðu með íþrótt- og tómsfundarfulltrúa.
- Gjaldskrá Auðarskóla 2023 kynnt
- Samantekt á rekstrarniðurstöðum 2020-2022 auk áætlunar 2023 kynnt
  - Tillaga að félagsmiðstöð bætist við samantektina næst.
  - Umræða um kostnað/rekstur við lengda viðveru.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð ritaði Kristján Ingi Arnarsson